

32. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA

Þrítugasti og annar fundur í stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn þriðjudaginn 23. apríl 2013 kl. 8:30 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður og Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) .

Frá FMS: Af hálfu Ferðamálastofu sátu fundinn Sveinn Rúnar Traustason og Sólrún Anna Jónsdóttir

1. Rökstuðningur – lokaafgreiðsla vegna 3. úthlutunar 2013.

Rökstuðningur Sveins ræddur og almenn ánægja með flesta þætti. Sveini falið að fara aðeins betur yfir orðalag nokkurra verkefna fyrir næsta fund.

2. Umræður um fyrirhugaða ferð stjórnar FF til Mývatns.

Sveinn beðinn um að hefja skipulagningu ferðar miðað við dagana 20-21 júní n.k.

3. Fjármál Framkvæmdasjóðsins og staða mála varðandi úthlutanir.

Sólrún fór yfir fjármál Framkvæmdasjóðsins. Fram kom að samningar eru stundum lengi að skila sér undirrituðum til baka og hægt gengur að greiða úr sjóðnum af þeim sökum. Einnig eru fá verkefni sem hafa klárast frá fyrstu úthlutun. Sveinn tekur að sér að reka á eftir aðilum að senda samninga til baka.

Fundi slitið 10:00

Reykjavík 23. apríl 2013/ST